



## 1599. stjórnarfundur

Íþróttamiðstöðin í Laugardal  
16.3.2016, kl. 11:30.

### 1. Fundargerð 1598. fundar

Samþykkt.

### 2. Lokanir í Laugardalshöll

Frjálsíþróttaráð Reykjavíkur hefur gert athugasemdir við hversu margar æfingar falla út vegna viðburða í Frjálsíþróttahöllinni, sérstaklega í febrúar og mars. Núverandi reglur kveða á um viðburðahald í allt að 30 daga á ári. Drög að bréfi formanns til borgarráðs vegna þessa lagt fram. Verður lagfært í samræmi við umræður og sent.

### 3. Þekkingarklasi um íþróttahælsu

Kjartan Ásmundsson kom inn á fundinn og kynnti stöðu málsins m.a. tillögu að nafni, heimasíðu o.fl.

### 4. Erindi Reykjavíkurborgar vegna samstarfssamnings

Lagt fram og staðan rædd.

### 5. Skautahöll

Borgarráð hefur samþykkt að skipta út ísvélum. Skautahöllin verður því lokuð frá miðjum maí til byrjun september. Þessu tengt rætt almennt um orkunotkun í dalnum, mögulega samnýtingu.

### 6. Erindi Frjálsíþróttadeildar ÍR varðandi Grunnskólamót í götuþlaupi

Samþykkt að styrkja um 125.000 kr. vegna kaupa á verðlaunum.

### 7. Ársþing HSÍ

Verður 23. apríl 2016. ÍBR á einn fulltrúa, áhugasamir láti Frímenn vita.

### 8. Erindi Klifurfélagsins vegna hjartastuðtækis

Samþykkt að styrkja um 150.000 kr. Rætt um háan kostnað vegna rafhlaða í þessi tæki.

### 9. Lagabreytingar Jaðars, íþróttafélags

Lög hafa verið samþykkt af ÍSÍ og aðildarumsókn því samþykkt.

### 10. Aðildarumsókn Knattspyrnufélagsins FC Sækó

Lögð fram.

### 11. Íþróttasvæði Reykjavíkur – loftmyndir

Til upplýsingar. Jóhannes Long hefur tekið myndirnar í gegnum árin og gefið út í bók.

### 12. Önnur mál

- Ekkert tekið upp undir þessum lið.

Fleira ekki rætt, fundi slitið um kl. 12:30.

Gígja Gunnarsdóttir, ritari